

# Nýnæmisrannsókn á uppfinningum

## Er þín uppfinning ný?

*Ert þú í vafa um hvort að uppfinning þín er ný eða hvort að þú getir fengið einkaleyfi á henni? Með nýnæmisrannsókn færð þú upplýsingar um uppfinningar sem þegar eru þekktar og líkjast uppfinningu þinni, á föstu verði. Á grundvelli þessarar þekkingar getur þú metið hvort að þú ættir að halda áfram þróun og/eða leggja inn einkaleyfisumsókn.*

### Markmiðið með nýnæmisrannsókn er:

- að fá svar við því hvort uppfinning sé ný
- að meta virði nýrrar vöru m.t.t. einkaleyfisverndar
- grundvöllur fyrir haldbærri einkaleyfisumsókn.

### Hvernig fer nýnæmisrannsókn fram?

Við nýnæmisleit er leitað í alþjóðlegum einkaleyfagagnagrunnum á grundvelli nákvæmrar lýsingar eða teikninga, séu þær fyrir hendi, sem viðskiptavinurinn útbýr. Rannsakandi leitar í viðeigandi gagnagrunnum með því að nota tækniflokkun og efnisorð.

Skýrsla er útbúin þegar niðurstöður liggja fyrir, sem inniheldur:

- Niðurstöðu leitarinnar.
- Upplýsingar um gagnagrunna, tækniflokka og efnisorð notuð við leitina.
- Yfirlit yfir efni sem fannst (einkaleyfisnúmer), flokkað eftir þýðingu þess fyrir uppfinningu viðskiptavinarins.

### Afending

Skýrslan, sem er á ensku, er afhent innan 10 virkra daga.

### Verð

Verðið er 7000 DKK. Ef þess er óskað, er hægt að fá afrit af allt að 10 skjölum sem tilgreind eru í skýrslunni fyrir 500 DKK.

### Hafðu samband

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar, hefur spurningar eða óskar eftir leit þá bendum við vinsamlegast á vefsíðu okkar: [www.npi.int](http://www.npi.int)

Ef uppfinningin er það umfangsmikil að við teljum okkur ekki geta framkvæmt fullnægjandi leit á ofangreindu verði, verður þér gert sérstakt tilboð.

*Nordic Patent Institute (NPI) er samstarfsverkefni Danmerkur, Noregs og Íslands um einkaleyfarannsóknir. NPI byggir starfsemi sína á þeim mannaúði sem þegar er til staðar hjá einkaleyfastofum aðildarríkjanna með það að markmiði að starfrækja öfluga fjölbjóðlega rannsóknarstofnun en viðhalda á sama tíma þeirri þekkingu og reynslu sem til staðar er innan aðildarríkjanna.*

*Meginverkefni NPI er að rannsaka alþjóðlegar einkaleyfaumsóknir (PCT) með tilliti til nýnæmis og frumleika en NPI tekur einnig að sér að framkvæma leitir í einkaleyfagagnaböndum og greiningar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Við rannsóknir og leitir hefur Nordic Patent Institute yfir að ráða meira en 150 vel menntuðum og reyndum rannsakendum, staðsettum hjá dönsku og norsku einkaleyfastofunum. NPI er staðsett í Tåstrup í Danmörku.*